

Niðurstöður aðalfundar 2022.

Aðalfundur Eikar fasteignafélags hf. var haldinn þriðjudaginn 5. apríl 2022 kl. 16:00. Fundurinn fór fram rafrænt og á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 28, 105 Reykjavík.

Tillögur stjórnar, sem lágu fyrir á fundinum, er að finna á heimasíðu félagsins undir slóðinni www.eik.is/hluthafar.

1. Ársreikningur

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2021.

2. Ráðstöfun hagnaðar félagsins á rekstrarárinu 2021

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur 0,51 kr. á hlut fyrir árið 2021. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er 1.740.000.000 kr. Arðsákvörðunardagur er 5. apríl 2022 og arðsréttindadagur 7. apríl 2022 sem þýðir að skráðir hluthafar félagsins í lok dags 7. apríl 2022 eiga rétt á arðgreiðslu í samræmi við framangreint. Arðleysisdagur, það er sá dagur sem viðskipti hefjast með hlutabréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2021, er 6. apríl 2022, sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag. Útborgunardagur er 28. apríl 2022 og greitt verður í íslenskum krónum.

3. Þóknun fyrir stjórnarstörf

Aðalfundur samþykkti að stjórnar- og nefndarlaun verði eftirfarandi:

- Laun hvers stjórnarmanns nemi 372.000 kr. á mánuði og stjórnarformaður fái 744.000 kr. á mánuði.
- Laun stjórnarmanna sem sitja í starfskjaranefnd verði 40.000 kr. á mánuði. Aðrir en stjórnarmenn sem sæti eiga í nefndinni fái greitt fyrir hvern unninn tíma samkvæmt útgefnum reikningi enda hafi stjórn fyrir fram samþykkt tímagjaldið. Ekki skal greitt sérstaklega fyrir formennsku.
- Laun stjórnarmanna sem sitja í endurskoðunarnefnd verði 85.000 kr. á mánuði. Aðrir en stjórnarmenn sem sæti eiga í nefndinni fái greitt fyrir hvern unninn tíma samkvæmt útgefnum reikningi enda hafi stjórn fyrir fram samþykkt tímagjaldið. Formaður endurskoðunarnefndar fái 145.000 kr. á mánuði.
- Laun nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði 60.000 kr. á mánuði og formaður tilnefningarnefndar fái 95.000 kr. á mánuði.

4. Starfskjarastefna félagsins

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar að breytingu á starfskjarastefnu félagsins um hækkun heimildar til árangurstengingar launa í grein 4.3 úr 10% af heildarlaunum starfsmanns í ígildi allt að tvennra mánaðarlauna.

5. Breytingar á samþykktum félagsins

Aðalfundur samþykkti nýjar samþykktir fyrir félagið. Helstu efnislegu tillögur varða skipan tilnefningarnefndar og nefndarkjör, skipan stjórnar og stjórnarkjör auk þess að leggja í hendur stjórnar að ákveða hvort kjörinn skuli varaformaður stjórnar í stað þess að það sé gert á grundvelli áskilnaðar í samþykktum. Aðrar breytingar á samþykktum miða einkum að því að einfalda samþykktirnar, breyta uppsetningu og stuðla að innbyrðis samræmi.

6. Kosning félagsstjórnar

Eftirtalin voru kosin í stjórn félagsins:

- Bjarni Kristján Þorvarðarson
- Eyjólfur Árni Rafnsson
- Guðrún Bergsteinsdóttir
- Hersir Sigurgeirsson
- Ragnheiður Harðar Harðardóttir

7. Kosning fulltrúa í tilnefningarnefnd

Eftirtalin voru kosin í tilnefningarnefnd félagsins:

- Drífa Sigurðardóttir
- Ingólfur Bender

8. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags

Aðalfundur samþykkti að KPMG ehf. yrði kjörið endurskoðunarfélag félagsins.

9. Heimild til kaupa á eigin hlutum

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum sem nemur allt að 10% af heildarhlutafé félagsins, í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar.

10. Önnur mál sem löglega eru fram borin

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum og var honum slitið kl. 17:00.